



FASTEIGNAGJÖLD ÁRIÐ 2012

Álagning fasteignaskatts:

A-hluti fasteignaskatts (íbúðarhúsnæði) er 0,43% af hús- og lóðarmati

B-hluti fasteignaskatts (opinbert húsnæði) er 1,32% af hús- og lóðarmati

C-hluti fasteignaskatts (atvinnuhúsnæði og annað en að neðan greinir) er 1,55% af hús- og lóðarmati

C-hluti fasteignaskatts (hesthús og gripahús í þéttbýli) er 1,32% af hús- og lóðarmati

Vatnsgjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,30% af hús- og lóðarmati

Holræsagjald á A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 0,275% af hús- og lóðarmati

Lóðarleiga fyrir A-hluta, B-hluta og C-hluta fasteigna (íbúðar-, opinbert- og atvinnuhúsnæði) er 2,0% af fasteignamati lóðar, fyrir ræktunarlóðir 0,55 kr. á m² að lágmarki 7.260 kr.

Sorpgjöld: Innheimt á hverja íbúð vegna sorphirðu: kr. 17.000,-
 Innheimt á hverja íbúð vegna sorpeyðingar: kr. 17.000,-
 Innheimt á sumarhús, hesthús og gripahús í þéttbýli vegna sorpeyðingar: kr. 17.000,-

Reglur um afslátt fasteignaskatts 2012.

1. gr.

Umsækjandi skal hafa átt lögheimili í Blönduósbæ 1. desember 2011.

2. gr.

Rétt til afsláttar hafa elli- og örorkulífeyrisþegar, á grundvelli 4. mgr. 5. gr. laga nr. 4/1995 um tekjustofna sveitarfélaga.

3. gr.

Niðurfelling á fasteignaskatti er tekjutengd og getur mest orðið kr. 48.000,-

4. gr.

Tekjumörk á árinu 2012 eru:

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.048.820 fá 100% afslátt.

Einstaklingar með skattskyldar tekjur allt að kr. 2.634.680 fá 0% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 3.150.553 fá 100% afslátt.

Hjón með skattskyldar tekjur allt að kr. 4.117.222 fá 0% afslátt.

Tekjur innan skilgreindra tekjumarka veita hlutfallslegan afslátt.

5. gr.

Skilyrði fyrir niðurfellingu er að viðkomandi búi sjálfur í húsnæðinu og hafi ekki af því leigutekjur.

6. gr.

Falli aðstæður ekki undir ákvæði reglna þessara skal bæjarráð úrskurða um lækkun eða niðurfellingu.

7. gr.

Upplýsingar um tekjur vegna útreiknings er sóttur vérlænt á vef Ríkisskattstjóra [ww.rsk.is](http://www.rsk.is) í gegnum álagningarkerfi Fasteignaskrár Íslands.

8. gr.

Ekki þörf á sérstökum umsóknum vegna afsláttar.

9. gr.

Athugasemdir vegna útreiknings afsláttar skulu berast skriflega til fjármálastjóra Blönduósbæjar eigi síðar en 1. júní 2011.

Gjalddagar álagðra fasteignagjalda umfram kr. 20.000,- eru: 1. febrúar, 1. mars, 1. apríl, 1. maí, 1. júní, 1. júlí, 1. ágúst, 1. september & 1. október. Gjalddagi álagðra fasteignagjalda undir kr. 20.000,- er 1. maí.

Álagningarseðlar verða sendir til allra viðskiptavina og eru aðgengilegir á www.island.is
 Greiðsluseðlar birtast í heimabanka viðskiptavina og eru sendir heim til þeirra sem þess óska.
 Frekari upplýsingar um álagninguna er hægt að fá í afgreiðslu Blönduósbæjar eða í síma 455 4700.